

## Fundargerð Grænfánafundur nr.2 2023

Stokkseyri 19.okt. Kl 12.00-13.20

Mættir: 2 Kennarar og 11 börn (elsti árgangur skólans)

Ritari og fundarstjóri: Eva Björk

Allur hópurinn sat við fundarborðið ásamt fundarstjóra, við byrjuðum að rifja upp hvað við þurfum að gera til að fundurinn gangi vel. Krakkarnir vissu laveg að þau ættu að sitja kyrr og hafa hljóð og rétta upp hönd. Þau sátu mjög virðulega, beint bak, hendur saman ofan á borðinu og tilbúin fyrir fundinn.

Fyrst ræddum við stutt um síðasta fund og hvað við hefðum ákveðið þar. Allir mundu að við ætluðum að teikna mynd af dýrum til að senda til Veiðisafnsins ásamt spurningu, hvort við megum koma að skoða safnið? Að fundi loknum teiknuðu allir eitt dýr og við gerðum eina bók úr teikningunum.

Fundarstjóri spurði hópinn; hvort er betra fyrir líkamann okkar að sitja kyrr inni og horfa á sjónvarpið eða leika úti? Allir höfðu skoðanir á þessu, flestir vildu meina að það væri betra að vera úti að leika sér og nokkrir sögðu að það væri betra að vera inni að horfa á sjónvarpið. Þetta var rætt aðeins og við komumst að niðurstöðu að það væri hollara fyrir líkamann að fá ferskt loft og hreyfa sig úti en það væri gaman að horfa á sjónvarpið og þá má auvitað líka en ekki bara allran tímann.

Vinna fyrir næsta fund:

Götukort: Við útskýrðum hvað götukort væri og hvernig er hægt að nota það. Eva kennari ætlar að útbúa stórt kort inni á deild og krakkarnir teikna húsið sitt og við setjum teikningarnar inn á kortið og þá geta allir séð hvar hver á heima. Svo verður gengið eftir kortinu heim til allra og tekin mynd af hverju barni fyrir utan heimilið sitt.

Fundi slitið kl 12:20